



Loftslagsstefna_Blaskog abyggd_2023.docx

2021-2031

Efnisyfirlit

1. LOFTSLAGSÁÆTLUN BLÁSKÓGABYGGÐAR.....	2
I. VERKEFNISLÝSING.....	2
II. MARKMIÐ STEFNU	2
III. TÍMABIL STEFNU	2
IV. MÆLDUR ÁRANGUR	2
2. SAMANTEKT STEFNU	3
I. FRAMTÍÐARSÝN	3
II. YFIRMARKMIÐ.....	3
III. STEFNAN	3
IV. GILDISSVIÐ.....	3
V. EFTIRFYLGNÍ	3
VI. TENGING VIÐ NÚVERANDI SKULDBINDINGAR.....	4
VII. KOLEFNISJÖFNUN	4
VIII. STEFNAN Í HEILD SINNI	5
3. LOSUNARBÓKHALD BLÁSKÓGABYGGÐAR 2021.....	6
I. ÚRGANGSFARVEGUR Í BLÁSKÓGABYGGÐ	7
II. TILLÖGUR TIL UMBÓTA.....	8
4. MÆLANLEG MARKMIÐ OG AÐGERÐARÁÆTLUN	9
III. AÐGERÐARÁÆTLUN	9
VIÐAUKI I LOSUN FRÁ ÖLLUM REKSTRAREININGUM Í BLÁSKÓGABYGGÐ 2021.....	11
VIÐAUKI II – FORSENDUR ÚTREIKNINGA.....	12
I. ÚRGANGUR.....	12
<i>Úrgangsfarvegur í Bláskógabyggð 2021</i>	<i>14</i>
II. AÐRIR FLOKKAR	14

1. Loftslagsáætlun Bláskógabyggðar

I. Verkefnislýsing

Í lok ársins 2021 ákvað sveitarstjórn Bláskógabyggðar að móta loftslagsstefnu til næstu 10 ára hjá sveitarfélaginu.

Tilgangurinn var að draga úr losun gróðurhúsagasa sem verður til vegna starfsemi sveitarfélagsins. Niðurstaðan er byggð á vinnu skrifstofu sveitarfélagsins, sveitarstjórnar, stjórnenda og nefndamanna að nýrri framtíðarsýn, aðgerðum og verkefnum til að draga úr losun samfélagsins.

Í stefnunni er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þá er helst litið til eftirfarandi heimsmarkmiða:



II. Markmið stefnu

Markmið stefnunnar er að móta farveg Bláskógabyggðar í átt að minni losun gróðurhúsagasa og leiða sveitarfélagið í átt að sjálfbærri framtíð sem mun byggja upp sjálfbæra þróun í samfélaginu. Heimsmarkmiðin munu veita stefnunni utanumhald og er hún unnin innan ramma þeirra. Þetta markmið fellur vel að framtíðarsýn innviðaráðuneytis og Bygðaráætlunar lið b: Byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

III. Tímabil stefnu

Áætlunin tekur mið af gildistíma heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en stefnan gildir frá 2021-2031. Loftslagsstefna þessi er undirstefna Heimsmarkmiða í Bláskógabyggð.

IV. Mældur árangur

Sett hafa verið markmið og mælikvarða fyrir hvern flokk losunar í sveitarfélaginu og byggja þau á losunartölum fyrir árið 2021. Árlega eftir það verða mælingar endurteknaðar til að meta stöðu hvers flokk og framvindu verkefna.

2. Samantekt stefnu

I. Framtíðarsýn

Sveitarfélagið Bláskógabyggð stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Bláskógabyggð vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar með því að vinna undir ramma Heimsmarkmiðana í samræmi við ríkjandi Byggaáætlun og markmið ríkis í úrgangsmálum.

II. Yfirmarkmið

Fram til ársins 2032 mun Bláskógabyggð draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2021.

III. Stefnan

Stefnan nær til innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðefnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs eins og kemur fram að neðan

1. **Innkaup á jarðefnaeldsneyti** vegna reksturs sveitarfélagsins (bifreiðar og tæki fyrir hvers kyns umhirðu innan sveitarfélags (s.s. götusópun, skólaakstur, snjómoksturstæki, o.þ.h.,)
2. **Óbein notkun jarðefnaeldsneytis** (flug starfsfólks, notkun bílaleigubíla og leigubíla. Eftir fremsta megni ætlar Bláskógabyggð að áætla innkaup jarðefnaeldsneytis í verkefnum sem eru boðin út og tengjast daglegum rekstri, eins og sorphirðu, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs)
3. **Orka** (öll raforka og hitaveita sem keypt er beint eða greitt fyrir í gegnum leigusamninga)
4. **Úrgangur** (allur úrgangur sem fellur til innan sveitarfélagsins, bæði frá heimilum, stofnunum, frístundarhúsum og fyrirtækjum)

IV. Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Bláskógabyggðar, þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlauga, bókasafna, rekstur áhaldahúss, sorphirðu o.s.frv.

V. Eftirfylgni

Loftslagsstefna Bláskógabyggðar er rýnd á hverju ári af stýrihóp umhverfismála og yfirmarkmið og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Stefnan er samþykkt af sveitarstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins.

VI. Tenging við núverandi skuldbindingar

Stefna þessi styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Bláskógabyggð vinnur við að innleiða árið 2022. Bygðaaáætlun 2022-2036 og stefna og markmið ríkis fyrir urðun og endurvinnslu heimilisúrgangs voru einnig hafðar til hliðsjónar.

VII. Kolefnisjöfnun

Bláskógabyggð mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.

Umhverfisstofnun leggur fram leiðbeiningar fyrir opinbera aðila sem vilja kolefnisjafna rekstur sinn með trúverðugum og ábyrgum hætti.

VIII. Stefnan í heild sinni

Loftslagsstefna Bláskógabyggðar

Sveitarfélagið Bláskógabyggð stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Bláskógabyggð vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar með því að vinna undir ramma Heimsmarkmiðana og í samræmi við ríkjandi Byggðaáætlun og markmið ríkis í úrgangsmálum.

Fram til 2032 mun Bláskógabyggð draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2021

Stefnan nær til innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðefnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs.

Stefnan nær til allrar starfsemi Bláskógabyggðar, þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, sundlauga, bókasafna, rekstur áhaldahúss, sorphirðu o.s.frv.

Loftslagsstefna Bláskógabyggðar er rýnd á hverju ári af stýrihóp umhverfismála og yfirmarkmið og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Stefnan er samþykkt af sveitarstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bláskógabyggð mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.

3. Losunarbókhald Bláskógabyggðar 2021

Helsta losun vegna rekstur Bláskógabyggðar er vegna urðunar, síðan dísil og svo rafmagns. Gefnar voru ákveðnar forsendur fyrir verð á hverja einingu, kg úrgangs, litra eldsneytis og raforkuverðs til að reikna út hvað mjög grófur, áætlaður kostnaður er fyrir hvern flokk í rekstri samfélagsins.

2021	tonn CO2	Magn (kg, L, kWh)	Forsendur	Gróft áætlaður árlegur kostnaður
Urðun	680	522.865	40 kr/kg	20.914.600
Lífrænn úrgangur	8	46.994	40 kr/kg	1.879.760
Dísill	32	11.828	327 kr/l	3.867.851
Rafmagn	14	1.422.297	20 kr/kWh	28.445.940
Bensín	7	3.108	325 kr/l	1.010.071
Samtals	741			56.118.222

Verð fyrir urðun og lífrænan úrgang byggir á áætlun um urðunarkostnað og flutningskostnað. Til að fá raunverulegt verð þá á eftir að bæta við fleiri liðum eins og sorphirðugjald, leigu á ílátum o.s.frv.

Áætlað verð á hverja kWh er bæði fyrir raforku og flutning, hugsanlega er það hærra úti á landsbyggðinni.

Verð fyrir bensín og dísil er tekið af vefsvæði Skeljungs í september 2022.

Samtals var útreiknuð losun frá Bláskógabyggð árið 2021 741 tonn CO₂.

Samtals var gróft áætlaður kostnaður vegna þessarar losunar 56 milljónir kr.

I. Úrgangsfarvegur í Bláskógabyggð

Íslenska ríkið, í takt við ESB, hefur sett sér markmið í urðun og endurvinnslu á heimilisúrgangi. Þau eru að árið 2035 má urðun á heimilisúrgangi ekki vera meiri en 10% og endurvinnsla ekki minni en 65%.

Sem liður í að uppfylla þessi markmið hefur ríki sett kvaðir á sveitarfélög og frá og með 1. janúar 2023 verða sveitarfélög að vera búin að innleiða eftirfarandi aðgerðir:

1.

Sérstök söfnun við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli	Söfnun í grenndargáma	Sérstöfnun í nærumhverfi íbúa
Pappír og pappi	Málmar	Spilliefni
Lífúrgangur	Gler	
Plast	Textíll	
Blandaður úrgangur		

2. Pay as you throw – hér þarf sveitarfélag að rukka framleiðendur úrgangs (heimili, fyrirtæki, stofnanir, frístundarhús) gjald sem er beintengt raunverulegu magni úrgangs, sorphirðu, meðhöndlun úrgangs og launa- og umsýslukostnaðar. Sveitarfélög mega ráða hvort þau rukki eftir rúmmáli eða þyngd. Flest sveitarfélög á Íslandi rukka í dag fast gjald fyrir sorphirðu og förgun í gegnum álagningakerfi Þjóðskrár. Ekki er vitað til þess að önnur sorpsamlög en SORPA séu með tilbúið kerfi fyrir þessa breytingu.
3. Sveitarfélög bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og lífræns úrgangs sé náð á þeirra svæðum.
4. Skylda til að flokka rekstrarúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang og ber sveitarfélögum að tryggja aðstöðu til að taka við þessum úrgangi flokkuðum.
5. Sveitarfélögum ber að annast gerð upplýsingaefnis um forvarnir og meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og fræða aðila í samstarfi við heilbrigðisnefnd.

Miðað við þau gögn sem fengust þá er má sjá að heimilisúrgangur í Bláskógabyggð var áætlaður um 660 tonn árið 2021, þar af fóru 80% í urðun og 20% í endurvinnslu.

Heimilisúrgangur	Magn	Hlutfall
Lífrænn úrgangur	46.994	7%
Pappír/pappi	75.017	11%
Plast	12.637	2%
Uðrun	522.865	80%
Samtals	657.514	

II. Tillögur til umbóta

Þegar verið er að horfa á leiðir til að draga úr losun þá er mikilvægt að til staðar sé góð greining á núverandi rekstri. Því er ráðlagt að hefja mælingar sem fyrst á sem flestum þáttum samfélagsins sem tengjast losun í samfélaginu. Með betri yfirsýn má horfa á núverandi kostnað og áætla sparnað við betri innviði og þannig reikna sig fram til núllpunkts, þ.e.a.s. hvenær fjárfestingin hefur fjármagnað sig sjálfa í formi sparnaðar.

1. Úrgangur

- a. Mikilvægt er að hefja mælingar sem fyrst til að sjá hvar úrgangur er einna helst að myndast.
- b. Horfa má á kostnað vegna urðunar (21 milljón árlega) sem réttlætingu fyrir fjárfestingu í innviði. Athuga verður að þetta gjald er vanáætlað þar sem fleiri breytur vantar inn í eins og sorphirðu, leiga á ílátum o.s.frv.
- c. Hafa þarf í huga hvort kostnaður við endurvinnslu aukist í kjölfarið, mikilvægt er því að nýta mælingar vel til að greina hvort og hvernig fjárfesting verði best til hagsbóta.
- d. Huga þarf að því sem allra fyrst hvernig breyta á greiðslukerfi málaflokksins, þannig að hann fari frá álagningakerfi Þjóðskrár yfir í kerfi sem rukkar hvern úrgangsframleiðanda í beinu samhengi við framleiðslu og notkun hans á úrgangskerfi Bláskógabyggðar

2. Eldsneyti

- a. Skipta sem fyrst út bensín og dísel bílum sveitarfélagsins fyrir rafmagnsbíla, sú aðgerð gæti sparað samfélagið 40,4 tonn CO₂.
- b. Samtals kostaði eldsneyti í Bláskógabyggð tæplegar 5 milljónir árið 2021. Ekki eru til tölur yfir akstursvegalengd bifreiðanna og því ekki hægt að reikna út sparnað við að skipta út núverandi bifreiðum fyrir rafmagnsbíl. Því er mikilvægt að innleiða akstursdagbækur fyrir bifreiðar í eigu sveitarfélaga.

3. Rafmagn

- a. Um er að ræða litla losun, en kostnað upp á sirka 28 milljónir árlega.
- b. Setja í innkaupastefnu allra stofnana í sveitarfélaginu að við endurnýjun á ljósaperum og rafmagnstækjum verði ávallt valið tæki með bestu fánlegu orkunýtingu.
- c. Hægt er að skoða fastagjöld og notkunargjöld fyrir hvern notanda og athuga hvort hægt sé að hagræða.
- d. Hægt er að setja mæla á einstaka stórnotendur og athuga hvort orkusóun sé að eiga sér stað, hugsanlega tengist þetta gömlum orkufrekum eldhústækjum.

4. Mælanleg markmið og aðgerðaráætlun

Fram til 2032 mun Bláskógabyggð draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2021.

Bláskógabyggð leggur áherslu á að þróa og innleiða snjallkerfi úrgangs á sínu svæði. Það mun leiða af sér betri yfirsýn yfir auðlindastrauma í samfélaginu sem mun gefa sanngjarnari kostnaðardreifingu þannig að hver sá sem mengar borgar. Með aukinni yfirsýn mun samfélagið ná að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum vegna úrgangs og sjá hvers konar auðlindir eru til staðar. Sú yfirsýn er talin muni laða að sér nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins í græna hagkerfinu. Aukin nýting staðbundinna auðlinda er talin vænleg til að auka hagsæld íbúa.

Bláskógabyggð mun móta innkaupastefnu fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins sem byggir á leiðbeiningum ríkisins. Áhersla verður m.a. lögð á að skipta út mengandi orkunotkun fyrir vistvæna, endurnýjun á orkufrekum raftækjum, versla í auknum mæli beint úr heimabyggð, stórinnskaup til að draga úr sóun og minni efnainnskaup.

Bláskógabyggð ætlar að beita sér fyrir að upplýsa íbúa, fyrirtæki, stofnanir og aðra í sveitarfélaginu um að sveitarfélagið stefnir á sjálfbæra þróun og hvaða þýðingu það hefur að við getum lifað við hagsæld í sátt við náttúruna.

III. Aðgerðaráætlun

Til að ná markmiðum loftslagsstefnu þarf að ráðast í aðgerðir sem miða að því að draga kerfisbundið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í aðgerðaráætlun skulu aðgerðir vera tímasettar og hafa tilgreindan ábyrgðaraðila, en einnig er mælt með að áætla áhrif á losun og áætlaðan kostnað.

Skipa þarf teymi loftslagsstefnu sem hefur þá ábyrgð að fylgja eftir loftslagsstefnu og aðgerðum, ut anumhaldi á losunarbókhalði og endurskoðun markmiða. Árlega þarf að uppfæra losunarbókhalð og meta framvindu og árangurs sérhvers verkefnis til að sjá hvort verkefnin séu á réttri leið eða hvort endurskoða þurfi þau.

Viðauki I Losun frá öllum rekstrareiningum í Bláskógabyggð 2021

2021	Rekstrareining	Rafmagn		Eign bílar bensín		Eign bílar dísil		Urðun		Lífænn úrgangur		Samtals Kg CO2	Samtals Tonn CO2
		Kwh	Kg CO2	Liter	Kg CO2	Liter	Kg CO2	Kg	Kg CO2	Kg	Kg CO2		
	Úrgangur												
	Hítaveita	691.912	6.781	1.773	4.149	3.850	10.471	522.865	679.725	46.994	8.059	21.400	21,4
	Áhaldahús Bjarkarbraut	415	4	-	-	6.968	18.953					18.957	19,0
	Bláskógaljós - rekstur ljóseleðarakerfis	-	-	1.335	3.124	1.011	2.749					5.873	5,9
	Íþróttahús Laugarvatn	185.218	1.815	-	-	-	-					1.815	1,8
	Sundlaug Reykholt	165.031	1.617	-	-	-	-					1.617	1,6
	Götu lýsing	146.945	1.440	-	-	-	-					1.440	1,4
	Aratunga	45.676	448	-	-	-	-					448	0,4
	Kaldavatnsdætur	39.070	383	-	-	-	-					383	0,4
	Reykholtskóli	34.765	341	-	-	-	-					341	0,3
	Leikskóla deild	22.553	221	-	-	-	-					221	0,2
	Grunnskóla deild	17.058	167	-	-	-	-					167	0,2
	Veghólt við Reykholt	14.812	145	-	-	-	-					145	0,1
	Skipulags og byggingarfulltrúi	12.856	126	-	-	-	-					126	0,1
	Lindarskógar við Laugarvatn	12.144	119	-	-	-	-					119	0,1
	Laugarvatn skólastjórabústaður	7.530	74	-	-	-	-					74	0,1
	Slökkvistöð Dalbrúnsvegi - Reykholt	7.454	73	-	-	-	-					73	0,1
	Íþróttavöllur Laugarvatn	5.032	49	-	-	-	-					49	0,0
	Kistuhoft 3, Reykholti	4.582	45	-	-	-	-					45	0,0
	Tjaldsvæðið Laugarvatni	3.919	38	-	-	-	-					38	0,0
	Kistuhoft 5, Reykholti	2.613	26	-	-	-	-					26	0,0
	Leikskólinn Álfaborg	2.044	20	-	-	-	-					20	0,0
	Laugarvatn gróðurhús	547	5	-	-	-	-					5	0,0
	Stórafliót smíðahús (ónotuð eign)	121	1	-	-	-	-					1	0,0
	Samtals	1.422.297	13.939	3.108	7.273	11.828	32.173	522.865	679.725	46.994	8.059	741.168	741

Viðauki II – forsendur útreikninga

I. Úrgangur

Þegar gögnunum var safnað saman kom í ljós að úrgangur er ekki skráður á einstaka rekstrareiningu og er það eitthvað sem ætti nauðsynlega að bæta í framtíðinni. Það krefst samtals við þjónustuaðila og hann þarf að senda upplýsingarnar fyrir hverja starfstöð í gegnum mánaðarlega reikninga. Fyrir stöðumatið árið 2021 verður úrgangur því ekki greinanlegur niður á myndunarstað, heldur er tekin samtala fyrir allt sveitarfélagið.

Terra þjónustaði Bláskógabyggð fyrstu 10 mánuði ársins 2021, eftir það tók ÍGF við. Ekki fengust gögn frá ÍGF og þessvegna þurfti að áætla gögnin fyrir árið 2021 út frá þeim gögnum sem bárust frá TERRA. Það var gert með því að taka samtölu hvers flokks til 10 mánaða, deila með 10 og svo margfalda með 12. Hér að neðan má sjá samantekt á úrgangi í Bláskógabyggð árið 2021 út frá þessari nálgun:

Farvegur	Efni	Samtals kg (10 mánuðir)	kg/mánuð	Áætlað kg/ár
Endurnýttan	Gler/postulín	5	0,5	6
	Hreint timbur	79.330	7.933	95.196
	Steinefni	23.120	2.312	27.744
Endurnýting Samtals		102.455	10.246	122.946
Endurvinnsla	BLANDAÐ UMBÚÐAPLAST	9.981	998	11.977
	BLANDAÐUR PAPPÍR OG PAPPÍ	26.891	2.689	32.269
	Brotamálmar (Scrap metal)	108.400	10.840	130.080
	Bylgjupappi	35.623	3.562	42.748
	EFNI FRÁ ENDURVINNSLUTUNNU	550	55	660
	Garðaúrgangur	2	0,2	2,4
	Hjólbarðar	9.120	912	10.944
	ÍSSKÁPAR/ KÆLITÆKI	6.120	612	7.344
	Lífrænn heimilisúrgangur	39.162	3.916	46.994
	Stór raftæki og þvottavélar	10.550	1.055	12.660

Endurvinnsla Samtals		246.399	24.640	295.679
Förgun	Dýrahrae	9.710	971	11.652
Förgun Samtals		9.710	971	11.652
Urðun/brennsla	BLANDAÐUR ÚRG. KALKA	8.860	886	10.632
	Blandaður úrgangur	426.311	42.631	511.573
	GIFS 261	2.880	288	3.456
	Jarðvegur/Múrbrot	3	0,3	3,6
	Litað timbur	261.100	26.110	313.320
	Óflokkaður grófur úrgangur 250	176.100	17.610	211.320
	ÓHREINT UMBÚÐARPLAST	550	55	660
Urðun/brennsla Samtals		875.804	87.580	1.050.965
Úrgangur Samtals		1.234.368	123.437	1.481.242

Umhverfisstofnun gefur upplýsingar um margföldunarstuðul fyrir tonn af losun CO₂ fyrir mismunandi tegundir úrgangs. Útreikningana fyrir Bláskógabyggð má sjá hér að neðan:

	Margföldunarstuðull kg CO₂/kg	kg 2021	kg CO₂/kg 2021
Urðun	1,3	522.865	679.725
Lífrænn úrgangur	0,1715	46.997	8.060
Plast	0	12.637	-
Pappír/pappi	0	75.017	-
Gler	0	6	-
Málmar	0	130.080	-
Grófur úrgangur	0	524.640	-
Samtals		1.312.240	687.784

Hér má sjá að urðun, sem samanstendur af flokkunum Blandaður úrg. KALKA og Blandaður úrgangur, samtals 522.865 kg, ber ábyrgð á 679.725 kg CO₂, eða um 680 tonn CO₂. Lífrænn úrgangur frá heimilum, og hugsanlega líka stofnunum og fyrirtækjum (ekki hægt að segja til

um það því gögnin berast ekki sundurliðuð til greininga) er samtals áætlaður um 46.997 kg sem samanber um 8 tonn af CO₂.

Samtals var því losun frá úrgangi sirka 690 tonn frá úrgangi í Bláskógabyggð árið 2021.

Úrgangsfarvegur í Bláskógabyggð 2021

Forsendur útreikninga:


1. Heimilisúrgangur skv. Skilgreiningu Umhverfisstofnunar má sjá í reglugerð NR.1040 R E GL U G E R Ð - um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs í kafla 20 Heimilisúrgangur (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), þ.m.t. flokkaður úrgangur.
2. Þessi flokkun á heimilisúrgangi undanskilur ákveðnar úrgangstegundir sem sveitarfélagið greiðir engu að síður fyrir eins og hjólbarða, hreint timbur, ísskápa, kælitæki, og stór raftæki og þvottavélar.
3. Markmið ríkis og ESB um flokkun heimilisúrgangs eru að urðun má ekki vera meiri en 10% fyrir 2035 og endurvinnsla á að vera 55% fyrir 2025
4. Þegar horft er á úrgangstölur í Bláskógarbyggð og þær eru flokkaðar í annars vegar heimilis og rekstrarúrgangs og einungis er horft á heimilisúrgang og stuðst er við markmið ESB og ríkis um flokkun heimilisúrgangs má sjá eftirfarandi niðurstöðu:

2021	
Urðunarhlutfall	80%
Endurvinnsluhlutfall	20%

Þetta hlutfall á því að nota í markmiðasetningu um úrgang í Bláskógabyggð.

II. Aðrir flokkar

Hér eða neðan má uppruna annarrar losunar en frá úrgangi í Bláskógabyggð 2021:



Ef við einbeitum okkur að þeim rekstrareiningum sem eru með mestu losun má sjá eftirfarandi:

2021	Rafmagn	Eign bílar bensín	Eign bílar dísil	Urðun	Lífrænn úrgangur	Samtals tonn CO₂
Rekstrareining						
Úrgangur				694.872	8.060	702.932
Hitaveita	6,8	4,1	10,5			21,4
Áhaldahús Bjarkarbraut	0,0	-	19,0			19,0
Bláskógaljós - rekstur ljósleiðarakerfis	-	3,1	2,7			5,9
Íþróttahús Laugarvatn	1,8	-	-			1,8
Sundlaug Reykholt	1,6	-	-			1,6
Götulýsing	1,4	-	-			1,4